# Afleiðingar of mikillar neyslu stafrænna miðla fyrir börn




**Öll Evrópa er sem stendur í samkomubanni sem þýðir kyrrstöðu alls opinbers lífs. Og enda þótt þegar þetta er tekið upp séu tilslakanir fyrirhugaðar, er víða erlendis langt í land.  Kennsla á þessum tíma hefur víða farið að mestu leiti fram á rafrænum miðlum. Kennarar stóðu frammi fyrir þeirri áskorun að byggja upp grunn að rafrænni kennslu á örskömmum tíma.**

Öll Evrópa er sem stendur í samkomubanni sem þýðir kyrrstöðu alls opinbers lífs. Og enda þótt þegar þetta er tekið upp séu tilslakanir fyrirhugaðar, er víða erlendis langt í land. Kennsla á þessum tíma hefur víða farið að mestu leiti fram á rafrænum miðlum.  Kennarar stóðu frammi fyrir þeirri áskorun að byggja upp grunn að rafrænni kennslu á örskömmum tíma.  Því grettistaki var lyft að koma upp nýjum leiðum „rafrænnar kennslu“.  Skólalokanir erlendis sýna enn fleiri afleiðingar.  Þar eru börnin nú allan daginn heima við.  Sett hefur verið á laggirnar neyðarbarnagæsla fyrir starfandi foreldra þótt eiginlega sé krafist að börnum sé sinnt heima.  Í þessu samhengi vaknar upp hjá mörgum foreldrum sú spurning, hvernig á ég að sinna börnunum mínum? Og hve mikinn skjátíma leyfi barninu mínu þennan tíma? Einnig hvaða áhrif hafa þessir miðlar á börn?  Þýska Iðnsjúkratryggingarfélagið Pronova BKK rannsakaði þessa spurningu og birti í desember 2019 undir titlinum „Snjall uppvöxtur 2019“.  Í rannsókninni voru hundrað þýskir barnalæknar spurðir hvort þeir gætu staðfest afleiðingar af völdum óhóflegrar skjánotkunar hjá börnum og unglingum á síðustu árum.
Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu:  „Snjallsímar, spjaldtölvur og leikjatölvur ná börnum á sitt vald.   Og það hefur dramatískar heilsufarslegar afleiðingar. Barnalæknar sjá börn á öllum aldri með heilbrigðisvanda sem hægt er að rekja til aukinnar skjánotkunar.“  Þrír af fjórum allra aðspurðra lækna staðfesta að sérstaklega börn á aldrinum tíu til þrettán sýni heilsufarsleg vandamál.  Samkvæmt barnalæknunum sýndu 79% félagsleg frávik,  hjá 75% var aukning á offitu, 70% sýndu málþroskaraskanir, hjá 66% var um að ræða frávik í hreyfigetu og allt að 59% námsþroskaröskun.  Að auki kemur greinilega fram að sífellt yngri börn hafa raskanir vegna skjánotkunar.  Stella Beck, heilbrigðisfræðingur hjá Pronova BKK segir: „Óheft sjánotkun smábarna getur skaðað þroska þeirra á margan hátt; þessi börn hreyfa sig flest of lítið, hafa skertan málþroska og sköpunarkrafturinn nær ekki að blómstra.“ Sérstaklega vöruðu 90% barnalækna í könnuninni við því að enn sé ekki hægt að segja til um umfang sálræns tjóns vegna aukinnar notkunar á margmiðlunartækjum ýmsum.
Með vísun í rannsóknina þá sýnir það sig hversu dýrmætt það er að halda börnunum markvisst frá stafrænum miðlum.  Af þessum sökum eru fjölmargar vefsíður sem styðja foreldra með hagnýtum ráðum og skapandi hugmyndum til gagnlegrar iðju heima við - þar með talið sasek.tv.  Undir liðnum „Neue Werte“  („Ný gildi“) er hægt að finna gagnlegar útsendingar barna og ungmenna sem sýna að fjölskyldulíf getur verið mjög skemmtilegt jafnvel án sjónvarps, leikjatölvu og snjallsíma.   Kla.tv óskar öllum fjölskyldum að tími Covid-19 samkomubannsins hafi jákvæð áhrif á fjölskyldulíf þeirra, því þá er í boði aukinn tími og athygli fyrir hvert annað.

**eftir db.**

### Heimildir:

https://www.tagesanzeiger.ch/schweiz/standard/bundesrat-erklaert-notstand-riegelt-das-land-ab-und-mobilisiert-die-armee/story/17921807
https://www.pronovabkk.de/service/news/studie-smartphone-nutzung-hat-drastische-folgen-schon-fuer-die-allerkleinsten.html
https://www.sasek.tv/neuewerte

### Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Covid-19 - www.kla.tv/covid-19-isl

### Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...

- ➔ það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- ➔ fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- ➔ reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

### Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.